

247. fundur Skólanefndar FS

11. september 2001



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Karl Hermannsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Jörunn Tómasdóttir og Ellert Hlöðversson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Val formanns.
 2. Upphaf haustannar 2001.
 3. Dagatal haustannar.
 4. Önnur mál.

1. Val formanns.

Formaður og varaformaður kosnir. Lagt til að Kristbjörn Albertsson verði formaður nefndarinnar. Samþykkt samhljóða. Lagt til að Guðbjörg Ingimundardóttir verði varaformaður. Samþykkt samhljóða.

2. Upphaf haustannar 2001.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar sem hefur farið vel af stað. Tekið var í notkun nýtt skólakerfi sem allir framhaldsskólar taka í notkun á næstunni. Nemendur í dagskóla eru 733, þar af eru 172 nýnemar úr árganginum af Suðurnesjum. Nemendur í öldungadeild eru um 200. Nemendum hefur heldur fjölgað frá síðustu haustönn. Boðið er upp á tvær nýjar námsbrautir, tölvufræðibraut og upplýsinga- og fjölmiðlabraut. Skólameistari sagði einnig frá nýjungum í kennslu og notkun upplýsingatækni þar. Hann sagði auk þess frá nýjum kennurum sem hafa tekið til starfa við skólann.

3. Dagatal haustannar.

Skólameistari kynnti dagatal annarinnar og dreifði því til fundarmanna.

4. Önnur mál.

- a) Formaður nemendafélagsins sagði frá starfsemi félagsins og áætlunum vetrarins. Einnig rætt um busavísingu sem fór vel fram að þessu sinni.
- b) Spurt um kynningu á skólanum í grunnskólum. Ekki er búið að ákveða hvaða fyrirkomulag verður á kynningunni.
- c) Formaður lagði til að gert verði kynningarmyndband um skólann og taldi það verðugt verkefni fyrir nemendur á upplýsinga- og fjölmiðlabraut. Skólameistari kannar kostnað og annað og kynnir á næsta fundi.

- d) Skólameistari kynnti yfirlit yfir fjárhagsstöðu framhaldsskólanna og ræddi um fjármál skólans. Hann taldi stöðu skólanna óljósa og að nánasta framtíð væri óviss að þessu leyti.
- e) Skólameistari dreifði yfirliti yfir þá grunnskólanemendur sem stunda nám í ensku og stærðfræði í grunnáföngum við skólann.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Nemendur í dagskóla á haustönn 2001

Sveitarfélag	Fjöldi	Þar af nýnemar	Fjöldi í árgangi	Hlutfall
Keflavík	340	77	99	77,78
Njarðvík	135	27	34	79,41
Hafnir	4	1	1	100,00
Grindavík	93	29	42	69,05
Garður	62	13	17	76,47
Sandgerði	64	19	31	61,29
Vogar	17	4	11	36,36
Önnur	18	2		
Samtals:	733	172	235	72,34

Skipting nemenda á brautir:

Almenn braut	170
Bífvélavirkjun	1
Eðlisfræðibraut	4
Félagsfræðibraut	138
Fornámsbraut	21
Grunndeild rafiðna	32
Grunndeild tréiðna	20
Hagfræðibraut	29
Iðnbraut húsaðmiði	6
Iðnbraut rafvirkjunar	2
Íþróttabraut	5
Málabraut	53
Málmiðnabraut	3
Hársnyrtibraut	21
Náttúrufræðibraut	140
Sjúkraliðabraut	13
Starfsbraut	9
Tæknibraut	1
Tölvufræðibraut	12
Uppeldisbraut	1
Uppeldis- og fjölmiðlabraut	15
Verknámsbraut rafvirkjunar	8
Vélstjórnarbraut 1. stigs	5
Vélstjórnarbraut 2. stigs	2
Viðskiptabraut	22
Samtals:	733

TÖLVUFRÆÐIBRAUT (TFB)**127 ein.**

Meginmarkmið brautarinnar er að nemendur fái góða undirstöðuþekkingu á sem flestum sviðum tölvutækninnar og öðlist færni sem nýtist þeim á vinnumarkaði og í áframhaldandi nám á þessu sviði. Nám á brautinni er skipulagt sem 3ja ára nám.

Almennar bóklegar greinar			57 ein.
Íslenska	ÍSL	103 203 303/403/503	9 ein.
Stærðfræði	STÆ	102 122 202 303 313 323 403	18 ein.
Enska	ENS	103 203 303	9 ein.
Samskipti og tjáning	SAM	106	6 ein.
Náttúruvísindi	NÁT	123	3 ein.
Eðlisfræði	EÐL	103 203	6 ein.
Efnafræði	EFN	103	3 ein.
Bókfærsla	BÓK	103	3 ein.
Faggreinar			31 ein.
Forritun	FOR	103 203 222	8 ein.
Framsetning og hönnun	FSH	102	2 ein.
Gagnasafnsfræði	GSF	102	2 ein.
Tölvufræði	TÖL	153 163 212 222	10 ein.
Tölvutækni	TÆK	102 202 214	8 ein.
Vérlitun og ritvinnsla	VÉL	101	1 ein.
Upplýsinga- og tölvunotkun	UTN	103	3 ein.
Faglegar valgreinar			17 ein.
Framsetning og hönnun	FSH	112 202	4 ein.
Tölvutækni	TÆK	112 204	6 ein.
Tölvustýringar	TÖS	103	3 ein.
Netstýrikerfi	NET	102	2 ein.
Netfræði	NET	112	2 ein.
Íþróttir	ÍÞR	101 111 201211 + 2 ein.	6 ein.
Sérsvið (Nemendur velja 16 einingar af sérsviði)			16 ein.
1. Forritun			
Kerfisgreining/hönnun	FKH	104	4 ein.
Hlutbundin forritun í C++	FKH	204	4 ein.
Java	FKH	224	4 ein.
Hlutbundin hönnun	FKH	214	4 ein.
Sýndarveruleiki	SÝN	104	4 ein.
2. Netkerfi			
Net	NET	104	4 ein.
Unix	NET	204	4 ein.
Novell	NET	214	4 ein.
Windows NT/2000	NET	224	4 ein.
Samtals :			127 ein.

Tölvubrautinni er skipt í 3 stig. Hvert stig svarar til eins árs náms og hefur ákveðið markmið. Að loknu hverju stigi hafa nemendur öðlast ákveðna þekkingu sem nýtist þeim í atvinnulífinu. Til að hefja nám á fyrsta stigi þurfa nemendur að hafa grunnskólapróf eða tilsvarendi menntun. Til að halda áfram á 2. og 3. stig þurfa nemendur að hafa lokið öllum faggreinum stigsins á undan og a.m.k. 3/4 hlutum annarra greina.

Nemendur sem lokið hafa námi á Tölvufræðibraut geta lokið stúdentsprófi á u.þ.b. einu ári í samræmi við reglur um viðbótarnám til stúdentsprófs (sjá www.fss.is - Nám og kennsla)

Á 3. stigi Tölvubrautar velja nemendur sérsvið. Hvert sérsvið er 16 einingar. Almenn sett sérsvið sett saman úr 4 fjögurra eininga áföngum. Nemendum er ekki skylt að velja allar 16 einingarnar úr sama sérsviði. Til að fá viðkomandi sérsvið prentað á brottfararskírteini verða nemendur að hafa lokið a.m.k. 12 einingum á viðkomandi sérsviði.

Upplýsinga- og fjölmiðlabraut (UF)

Upplýsinga- og fjölmiðlabraut er starfsnámsbraut sem veitir nemendum undirstöðuþekkingu í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum og er ætlað að mæta sívaxandi þörf fyrirtækja og einstaklinga fyrir menntun á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að meðalnámstími verði 3-4 námsár, þar af 4-5 annir í skóla og 12 mánaða starfsþjálfun á vinnustað. Námið skiptist í 58 eininga sameiginlegt grunnnám og 20 eininga sérnám. Með próf af upplýsinga- og fjölmiðlabraut, sem þreytt er í lok sérnáms í skóla, getur nemandi farið í starfsþjálfun hjá viðurkenndu fyrirtæki og lokið þannig starfsnámi á sérsviði sínu eða haldið áfram námi t.d. til stúdentsprófs. Að lokinni starfsþjálfun gangast nemendur í löggiltum iðngreinum (bókbandsiðn, ljósmyndun, prentun, og prentsmíð) undir sveinspróf í viðkomandi iðn en gert er ráð fyrir hæfnismati í stað sérstaks lokaprófs í starfsgreinum sem ekki njóta löggildingar.

Sérnám (1 önn): Netstjórn, grafísk miðlun, ljósmyndun, bókband, dagskrárgerð, prentun, vefsmíð, aðstoðarmaður á bókasafni.

Gert er ráð fyrir að boðið verði upp á 2-3 leiðir í sérnámi við skólann eftir áhuga nemenda. Það sérnám sem ekki verður í boði hér geta nemendur tekið í öðrum skólum.

Útskýringar:

- Áfangi ritaður með bláum lit er í kjarna
- Áfangi ritaður með gráum er á kjörsviði
- Áfangar sem eru merktir með stjörnu eru ekki kenndir hér en fjarnám er mögulegt í samvinnu við aðra skóla sem bjóða upp á viðkomandi áfanga.

Kjarni

Danska	DAN-102 DAN-202
Efnis- og pappírsfræði	EPP-102
Enska	ENS-102 ENS-202
Félagslegt og sögulegt samhengi grafískra miðla	MHS-103
Fjölmiðlun	FJÖ-103
Hljóðtækni	HLT-101
Iðngreinafræði og starfsgreinakynning	IOS-104
Íslenska	ÍSL-102 ÍSL-202
Íþróttir	ÍÞR-121 ÍÞR-131 ÍÞR-221
Ljós- og lítafræði	LLF-102
Markviss tölvunotkun	MTN-103
Myndbygging og formfræði	MOF-103
Myndgreining, týpógráfía og grafísk hönnun	MTG-103
Myndvinnsla og margmiðlun	MOM-103
Prent-, ljósvaka- og netmiðlar	PLN-102
Rekstrartækni og gæðastjórnun	ROG-102
Samskipti og tjáning	SAM-106
Stærðfræði	EXL-101 STÆ-103
Texti og textamedferð	TEX-102
Tölvufræði	TÖL-103
Vefsíðugerð, myndvinnsla og myndbandagerð	VMM-103

④ TIL BAKA



	Kennari	Grein
ST	Agnar Guðmundsson	Tölvufræði
	Atli Þorsteinsson	Saga og SAM
	Dóra Guðmundsdóttir	Danska
ST	Gunnar Björn Björnsson	Stærðfræði
	Gunnar Valdimarsson	Verkleg kennsla í starfsdeild
	Hulda Egilsdóttir	Íslenska
	Kolbrún Marelsdóttir	Sérdeild
	Reynir Vilhjálmsson	Raungreinar (efnafræði - nát)
÷	Sigurgeir Finnsson	VMM
	Starkaður Barkarson	Íslenska
ST	Svanhildur Eiríksdóttir	Fjölmíðlafræði

Dagatal haustannar 2001

Ágúst			September			Október			Nóvember			Desember		
1		1L				1			1		1L			
2		2S				2			2	Vinnufundur	2S			
3		3				3	7. vika	3L	3		3	Próf		
4L		4				4		4S	4		4	Próf		
5S		5	3. vika			5	Vinnufundur	5	5		5	Próf		
6		6				6L	Opinn dagur	6	6		6	Próf		
7		7	Umsjón/Sviðsfundur			7S		7	7	12. vika	7	Próf		
8		8L				8		8	8		8L			
9		9S				9		9	9	Sviðsfundur	9S			
10		10				10	8. vika	10L	10		10	Próf		
11L		11				11	Göngudagur	11S	11		11	Próf		
12S		12	4. vika			12	Hautfrí	12	12		12	Próf		
13		13				13L		13	13		13	Próf		
14		14	Kennarafundur			14S		14	14	13. vika	14	Sjúkrapróf		
15		15L				15	Vetrarfrí	15	15		15L			
16		16S				16		16	16	Umsjón	16S			
17		17				17	9. vika	17L	17		17			
18L		18				18		18S	18		18	Prófsýni		
19S		19	5. vika			19	Umsjón	19	19		19			
20	Sóknardagur	20				20L		20	20		20	Útskrift		
21	Töfluaft/sóknard	21	Umsjón			21S		21	21	14. vika	21			
22	Fyrsti kennsludagur	22L				22		22	22		22L			
23		23S				23		23	23	Kennarafundur	23S	Þorláksmessa		
24		24				24	10. vika	24L	24		24	Aðfangadagur		
25L		25				25		25S	25		25	Jóladagur		
26S		26	6. vika			26	Kennarafundur	26	26		26	Annar jólium		
27		27				27L		27	27		27			
28		28	Vinnufundur			28S		28	28		28			
29	2. vika	29L				29		29	29		29L			
30	Busadagur	30S				30		30	30	Sviðsfundur	30S			
31						31	11. vika				31	Gamlársdagur		

Starfsáætlun

Á komandi vetri hyggst stjórn nemendafélagsins starfrækja öflugt félagslíf, samhliða því að sinna lögboðnu hlutverki sínu sem hagsmunafélag. Starfsáætlun hefur verið samin og fylgir hún hér á eftir ásamt fjárhagsáætlun fyrir önnina.

Fyrst ber þó að nefna nokkra stefnubreytingu sem við hyggjumst standa fyrir. Hún er sú að við teljum nýnema vera of mikið útundan í félagslífi skólans, þrátt fyrir að þeir séu einna félagslega virkastir. Nýnemar hafa til að mynda ekki mátt sækja kaffihúsakvöld vegna of lítils aldurs og þeir hafa einnig ekki mátt sækja neinar ferðir af sömu ástæðu. Við hyggjumst standa fyrir dagsferðum sem verða í boði fyrir alla nemendur skólans, sama hversu gamlir þeir eru. Dæmi um slíka ferð er t.d. River rafting, en þá yrði farið að morgni og komið aftur heim um eða uppúr kvöldmat.

Þá hyggjumst við einnig standa fyrir ýmsum óhefðbundnum skemmtunum sem aldrei hafa verið reyndar fyrr. Ýmsar hugmyndir hafa komið upp svo sem miðnæturgolf, hvalaskoðun og nestisferð á Þorbjörninn, svo fátt eitt sé nefnt.

Að síðustu má nefna að samningar eru að takast við Nýja-Bíó um sérstakar NFS-forsýningar, en þá verða ýmsar kvikmyndir forsýndar nemendum skólans langt áður en til frumsýningar kemur.

Á næstu síðu fylgir svo dagatal haustannar og er þar búið að merkja inn dagsetningar þeirra viðburða sem skipulagðir hafa verið. Dagsetningarnar eru þó ekki heilagar og verður þeim breytt ef það er til hagsbóta.

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
1	1	1	1 Hljóðneminn	1
2	2	2	2	2
3	3	3 7.v	3	3 Próf
4	4	4	4	4 Próf
5	5 3.v	5	5	5 Próf
6	6	6 Opinn dagur	6	6 Próf
7	7	7	7 12.v	7 Próf
8	8	8	8	8
9	9	9	9	9
10	10	10 8.v	10	10 Próf
11	11	11 Ball, lítið	11	11 Próf
12	12 4.v	12 Haustfrí	12	12 Próf
13	13 Ótilgreind skemmtun	13	13	13 Próf
14	14	14	14 13.v	14 Sjúkrapróf
15	15	15 Vetrarfrí	15 Kaffihúsakvöld	15
16	16	16	16	16
17	17	17 9.v	17	17
18	18	18	18	18 Prófsýni / Ótilgreind skemmtun
19	19 5.v	19 River rafting	19	19
20	20	20 River rafting	20	20 Útskrift
21 Töfluafhending	21	21	21 14.v	21
22	22	22	22	22
23	23	23	23	23 Þorláksmessa
24	24	24 Íslenskt dagsverk / 10.v	24	24 Aðfangadagur
25	25	25	25	25 Jóladagur
26	26 6.v	26	26	26 Annar í jólum
27	27	27	27	27
28	28 Þórsmerkurferð	28	28 15.v	28
29 2.v	29 Þórsmerkurferð	29	29	29
30 Busadagur + - ball	30 Þórsmerkurferð	30	30	30
31		31 11.v		31 Gamlársdagur

Fjárhagsáætlun

Tekjuliðir:

Heiti reiknings	Upphæð	Athugasemdir
Styrkir	0	
Tekjur af böllum	1.500.000	
Auglýsingatekjur	400.000	
Tekjur af ferðum	150.000	
NFS-gjöld	1.250.000	Miðað við 500 manns í NFS

Samtals tekjur: 3.300.000

Útgjaldaliðir:

Heiti reiknings	Upphæð	Athugasemdir
Bensíngreiðslur	15.000	
Mötuneyti nemenda	80.000	Framkvæmdin er í athugun
Vox Arena	30.000	Með fyrirvara um að ekki verði sett upp leiksýning
FF	85.000	Aðildargjöld og kostnaður af félagsþingum
Gettu betur	120.000	Laun þjálfara
Námskeið	0	Innifalið í stafsdögum
Bókabúð Keflavíkur	30.000	Ýmislegt lauslegt
Myndafólk	10.000	Ætlum að taka mikið á stafrænu myndavélina
Símakostnaður	60.000	Er í athugun
Íþróttaráð	10.000	
Vizkustykki	100.000	
Fárbauti	120.000	
Busavígsla/ball	650.000	
Samhristingur stjórnar	15.000	Er í athugun
Ýmislegt	200.000	
Klúbbar	45.000	Fer eftir virkni kúbba
Þórsmurkurferð	250.000	
Hljóðneminn	600.000	


Dagsferðir	160.000	T.d. River rafting
Kvikmyndaklúbbur	5.000	
„Milli-ball“	300.000	
MORFIS	120.000	
Kaffihúsakvöld	40.000	
Bankakostnaður	10.000	
Skuldir eldri stjórnar	300.000	

Samtals gjöld: 3.355.000

Á komandi fjárhagsári hafa formaður og gjaldkeri tekið höndum saman og boðað hertar aðhaldsaðgerðir í fjármálunum, einkum í ljósi þess að tekið var við félaginu með tapi. Leitað verður allra leiða til að vinna tapið upp, án þess að það komi niður á nemendum þó.

Þrátt fyrir boðað aðhald verður að gera ráð fyrir einhverju tapi á fyrri hluta fjárhagsársins.

Munur á heimildum og gjöldum tvö síðustu ár (1999-2000)



Fjöldi grunnskólanema í FS á haustönn 2001 í ENS 103 og STÆ 103

Skóli	ENS 103	STÆ 103
Gerðaskóli	3	3
Grunnskólinn í Sandgerði	5	4
Heiðarskóli	5	7
Holtaskóli	8	3
Myllubakkaskóli	5	5
Njarðvíkurskóli	8	4
Vogaskóli	6	3
Fjöldi	<u>40</u>	<u>29</u>